



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um veikindi barna vegna myglu í skólum**

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 23. mars 2021, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

*Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir upplýsingum um það hvort að tilkynnt hafi verið um veikindi barna sem hugsanlega megi rekja til myglu í leik- eða grunnskólum Reykjavíkurborgar. Ef svo er hversu margir leik- eða grunnskólar eru það sem grunur leikur á að veikindi vegna myglu eru og hversu mörg börn eru þetta?*

**Svar:**

Skóla- og frístundasvið heldur ekki utan um heilsufarsupplýsingar barna.

Varðandi húsnæðis- og loftgæðavanda í Fossvogsskóla var 15 börnum vísað áfram af hálfu skóla- og frístundasviðs, í samstarfi við skólahjúkrunarfræðing á heilsugæslunni Efstaleiti, til frekari skoðunar hjá Barnaspítala Hringins. Hvort þau teljist öll þjást af veikindum sem rekja megi til myglu er erfitt að fullyrða. Barnaspítalinn gefur þriðja aðila ekki upp slíkar upplýsingar.